



269. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 17. október 2018 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson ritari, Ása Ólafsdóttir, Garðar Svansson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Ingi Þór Ágústsson, Lilja Sigurðardóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Örn Andrédsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll: Jón Finnbogason, Viðar Garðarsson.

Forseti setti fundi og stýrði honum.

Dagskrá:

1. Ólympísk málefni

Örn Andrédsson skýrði stöðu mála í ólympískum verkefnum. Ólympíuleikar ungmenna standa enn yfir í Buenos Aires í Argentínu og þar ber hæst Ólympíugull Guðbjargar Jónu Bjarnadóttur 16 ára spretthlaupara úr ÍR í 200 metra hlaupi. Guðbjörg Jóna tvíbætti Íslandsmetið í greininni og endaði samanlagt 0,67 sekúndum á undan næstu stúlku. Frábær árangur hjá Guðbjörgu Jónu og fyrstu verðlaunin sem Ísland hlýtur á Ólympíuleikum ungmenna frá því að leikarnir voru fyrst haldnir árið 2010. ÍSí mun halda móttöku til heiðurs Guðbjörgu Jónu og öðrum íslenskum þátttakendum á leikunum við heimkomu.

Forseti og framkvæmdastjóri skýrðu frá dvöl sinni á leikunum. Aðbúnaður var góður sem og aðstaða og íslenski hópurinn var til fyrirmyndar.

Næsta ólympíska verkefni er Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar sem haldin verður í Sarajevo og A-Sarajevo í lok janúar nk.

2. Fagsvið ÍSí

Örn Andrédsson formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí skýrði frá fundum með sérsamböndum ÍSí um stöðu afreksmála.

Garðar Svansson formaður Almenningsíþróttasviðs ÍSí fór yfir helstu verkefni sviðsins. Metþátttaka var í verkefninu Göngum í skólann en 75 skólar tóku þátt að þessu sinni. Íþróttavika Evrópu gekk einnig vel en stefnt er að því að færa #Beactive daginn framár í september á næsta ári.

Framundan er 30 ára afmælisár Kvinnahlaups ÍSí og er undirbúningur hafinn. Áætlað er að halda vinnufund hjá fagráði Almenningsíþróttasviðs 27. nóvember nk.

Þráinn Hafsteinsson formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí fór yfir stöðu verkefna sviðsins.

Forvarnardagurinn var 3. október sl. Framkvæmdastjóri ÍSí og Þórarinn Alvar Þórarinsson verkefnastjóri sóttu blaðamannafund sem haldinn var í 1. október til að kynna verkefnið og Þórarinn Alvar fylgdi einnig forseta Íslands í skólaheimsóknir á sjálfan Forvarnardaginn.

Metþátttaka hefur verið í Ólympíuhlaupi ÍSí (áður Norræna skólahlaupið) en 66 skólar höfðu skráð sig til leiks 1. október sl.

Þráinn greindi einnig frá fyrirhuguðum viðurkenningum til nýrra Fyrirmyndarfélaga ÍSí, undirbúningi tveggja ráðstefna í nóvember og þátttöku í þjálfaramenntun ÍSí á haustmánuðum.

3. Formannafundur ÍSí

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirkomulag fundarins, sem haldinn verður í Laugardalshöll 16. nóvember nk. og þau málefni sem fyrirhugað er að kynna á fundinum.

4. Ráðstefna um framtíðarskipulag íþróttamála

Farið yfir fyrirkomulag ráðstefnunnar, tímasetningu og undirbúning. Ráðstefnan verður frá kl. 13-16 þann 16. nóvember og er gert ráð fyrir 120-150 þátttakendum frá sambandsaðilum, ÍSÍ, UMFÍ, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ráðuneyti og Félagi íþróttta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi. Kostnaður vegna ráðstefnunnar er áætlaður um 500 þúsund.

5. Íþróttþing ÍSÍ

Forseti fór yfir undirbúning fyrir 74. Íþróttþing ÍSÍ sem haldið verður 3.-4. maí nk. Samþykkt að skipa vinnuhóp til að yfirfara lög og reglugerðir í aðdraganda þingsins, m.a. með tilliti til GDPR, breytinga í kjölfar stofnunar Lyfjaeftirlits Íslands, hagræðingar úrslita í íþróttakeppnum og #metoo málefna. Vísað til forseta og framkvæmdastjóra að vinna tillögur að skipan vinnuhópsins.

6. GDPR – staða mála - Persónuverndarstefna ÍSÍ

Framkvæmdastjóri skýrði stöðu mála.

7. #metoo – tillögur vinnuhóps

Framkvæmdastjóri greindi frá því að ÍSÍ sendi inn umsögn í samráðsgátt stjórnvalda vegna áforma um frumvarp um samskiptaráðgjafa íþróttta- og æskulýðsstarfs. Unnið er að því að setja inn í samráðsgáttina frumvarpið sjálft til umsagnar. Skrifstofa ÍSÍ vinnur að því að framfylgja tillögum sem beint var til ÍSÍ af hálfu mennta- og menningarmálaráðherra í kjölfar lokaskýrslu vinnuhóps ráðherra.

8. Skipan fulltrúa ÍSÍ í vinnuhóp Íslenskra getrauna um málefni fyrirtækisins

Lagt fram bréf Íslenskra getrauna þar sem óskað er eftir tilnefningu frá ÍSÍ um einn fulltrúa í vinnuhóp Íslenskra getrauna um málefni fyrirtækisins. Vísað til forseta ÍSÍ til afgreiðslu.

9. Umsókn UMSS um gæðastimpilinn Fyrirmyndarhérað ÍSÍ

Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS) sótti um gæðastimpilinn Fyrirmyndarhérað ÍSÍ í júní sl. Þá vantaði nokkur fylgigögn með umsókninni sem nú hafa verið send skrifstofu ÍSÍ. Þróunar- og fræðsluvið ÍSÍ mun fara yfir öll tilskilin gögn á næsta fundi sviðsins, sem fyrirhugaður er 24. október nk.

Ef niðurstaða umfjöllunar sviðsins verður jákvæð og umsóknin uppfyllir öll skilyrði ÍSÍ fyrir gæðastimplinum þá verður kallað eftir afstöðu stjórnar í gegnum tölvupóst.

10. Breytingar á skipan Bogfiminefndar ÍSÍ

Bogfiminefnd ÍSÍ hefur óskað eftir því að Astrid Daxböck verði skipuð í nefndina í stað Snorra Haukssonar.

Tillagan samþykkt.

11. Heiðranir

Hafsteinn Pálsson formaður Heiðursráðs ÍSÍ skýrði frá tillögu ráðsins um næstu tilnefningu í Heiðurshöll ÍSÍ, skv. niðurstöðu fundar ráðsins 12. október sl. Tillagan samþykkt.

12. Fundargerðir

Eftirtaldar fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 268. fundur framkvæmdastjórnar
- 14. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ 2018
- Almenningsíþróttasvið ÍSÍ frá 11. október 2018

- Afrekssjóður ÍSí frá 9. október 2018. Tillaga Afrekssjóðs ÍSí um eftirfarandi breytingar á flokkun sérsambanda samþykkt samhljóða:
Landssamband hestamannafélaga, sem áður var flokkað sem B-samband, verður nú C-samband. Kraftlyftingasamband Íslands, sem áður var flokkað sem A-samband, verður nú B-samband.
- Verkefnasjóður ÍSí frá 17. október 2018
Eftirtaldar styrkveitingar samþykktar samhljóða:
 - Styrkur að upphæð kr. 75.000,- til UMSK vegna fræðsluerinda til iðkenda í dansi.
 - Styrkur að upphæð kr. 150.000,- til Klifurnefndar ÍSí vegna regluverks um klifurmót og átaks í menntun dómara.
 - Styrkur að upphæð kr. 100.000,- til Bogfiminefndar ÍSí vegna menntun dómara.
 - Sjö styrkir, að upphæð kr. 100.000,- hver, til þjálfara vegna þátttöku í námskeiðum á erlendum vettvangi, sjá ofangreinda fundargerð Verkefnasjóðs ÍSí.
- Kvennahlaupsnefnd ÍSí frá 11. október 2018

13. Viðburðir framundan

Farið yfir þá viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

14. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSí

Næstu fundir stjórnar verða 15. nóvember og 6. desember nk.

15. Önnur mál

Engin önnur mál.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.